

22.tbl.  
12. júní.2025  
32 árg.

# Hlaupastelpán

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

## Fermingarmessa í Þorgeirskirkju

Laugardaginn 14. júní kl.13.00

Kór og organisti leiða safnaðarsönginn  
Sóknarbörn hvött til að mæta og bjóða  
fermingarbörnin velkomin í söfnuðinn.

Verið hjartanlega velkomin

sr. Magnús G Gunnarsson



## ATHUGID !!

**Hlaupastelpán tekur sér langt summarfrí  
þ.e. frá 01. júlí til 18. ágúst 2025**

Hlaupastelpán er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,  
Auglýsingum þarf að skila á mánudögum fyrir kl. 15:00.

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Verðskrá:

Hálfsiðuauglýsing	kr. 4.600.- m.vsk
heilsiðuauglýsing	kr. 6.620.- m.vsk.

**Hlaupastelpunar er að finna á :**

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

# 17. JÚNÍ

## Í SAFNAHÚSINU

*‘Til hamingju með þjóðháttíðardaginn!*

Gestir eru hvattir til að mæta í  
þjóðbúningum og þiggja kaffi  
og konfekt í tilefni dagsins.

Enginn aðgangseyrir

*Verið velkominn!*

SAFNAHÚSIÐ



SAFNAHÚSIÐ  
HUSAVÍK MUSEUM

MENNINGARMÍDSTÖÐ ÍSLANDS

# 17. JÚNÍ

## Á GRENJAJÁÐARSTAÐ

*‘Til hamingju með þjóðháttíðardaginn!*

Gestir eru hvattir til að mæta í þjóðbúningum  
og þiggja kaffi og konfekt í tilefni dagsins.

Enginn aðgangseyrir

*Verið velkominn!*



GRENJABARSTAFUR

MENNINGARMÍDSTÖÐ ÍSLANDS



# Þingeyjarskóli, laus störf skólaárið 2025-2026

## Aðstoð í eldhúsi í Þingeyjarskóla í Aðaldal

Um er að raða tvær stöður:

- **100% starfshlutfall.**
- **60% starfshlutfall.**

Helstu verkefni:

- Vinnur undir leiðsögn yfirmatráðs.
- Þátttaka í matseld fyrir nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla.
- Sér um að matur sé samkvæmt lýðheilsumarkmiðum, hollur, fjölbreyttur og snyrtilega framborinn.
- Frágangur og þrif í eldhúsi og matsal.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi er kostur.
- Skipulagshæfni, snyrtimennska og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og frumkvæði í starfi.
- Stundvísí og áreiðanleiki.

Þingeyjarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með um 100 nemendur. Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Áhugasamir einstaklingar, án tilliti til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf í ágúst.

**Við framlengjum umsóknarfrestinn til og með 20. júní 2025 og skulu umsóknir berast á netfangið [lilja@thingskoli.is](mailto:lilja@thingskoli.is)**

Frekari upplýsingar um störfin veitir Lilja Friðriksdóttir, skólastjóri Þingeyjarskóla, í gegnum tölvupóst [lilja@thingskoli.is](mailto:lilja@thingskoli.is) og í síma 464-3580/847-2372.



## Laus staða í Stórutjarnaskóla í Þingeyjarsveit

### Matráður í 80% stöðu

#### Helstu viðfangsefni og ábyrgð

- hefur yfirumsjón með starfsemi í eldhúsi og annast almenn eldhússtörf
- annast matseld í samræmi við ráðleggingar landlæknis um mataræði barna í leik- og grunnskólum
  - er í samstarfi við matráð Þingeyjarskóla varðandi innkaup matvæla og frágang og geymslu á þeim
  - annast tilfallandi önnur störf s.s. í tengslum við fundi, aðrar samkomur og uppbrotsdaga

#### Hæfníkröfur

- matartækninám
- þarf að hafa góða samskiptahæfni og kappkosta að sýna nemendum og samstarfsfólk virðingu í hvívetna
- þekking/reynsla af daglegum rekstri mótureytis
- þekking/reynsla af næringarfræði, sérfæði, gæðum og fjölbreytileika matar er nauðsynleg

Stórutjarnaskóli stendur í Ljósavatnsskarði og er samrekinn leik- grunn- og tónlistarskóli með um 45 nemendur frá eins árs til 16 ára aldurs. Öll starfsemi skólans er í sama húsnæði. Skólinn er Grænfánaskóli og Heilsueflandiskóli og er að innleiða teymiskennslu. Lögð er áhersla á að búa nemendum og starfsfólk fjölbreytt leik- náms- og starfsumhverfi sem eflir alhliða heilsu og þroska. Mikið samstarf er milli námshópa innan skólans og er skólinn í góðu samstarfi við nágrannaskóla sína og samfélagið í sveitinni.

Stöðurnar eru lausar frá og með 15. ágúst 2025.

#### **Umsóknarfrestur er til 20. júní 2025.**

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband í síma 4643220/8483547 eða í gegnum netfangið [birnada@storutjarnaskoli.is](mailto:birnada@storutjarnaskoli.is)

Umsóknir skulu sendar á netfangið [birnada@storutjarnaskoli.is](mailto:birnada@storutjarnaskoli.is)

Umsókninni þarf að fylgja ferilskrá og afrit af leyfisbréfi



## **Leikskóladeildin Krílabær á Laugum í Reykjadal auglýsir til umsóknar**

### **60 % stöðu við matseld og aðstoð inn á deild**

Krílabær er önnur tveggja leikskóladeilda Þingeyjarskóla sem er samrekinn leik- og grunnskóli á tveimur starfsstöðvum. Nemendur Krílabæjar eru 6 talsins.

Áhersla er lögð á mikil og góð tengsl nemenda, starfsfólks og foreldra, tákna með tali og unnið er eftir stefnunni um jákvæðan aga. Leikskóladeildin býður uppá rólegt og gott vinnuumhverfi.

#### **Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Elda og bera fram hollan og góðan mat fyrir nemendur og starfsfólk Krílabæjar, u.p.b. 10 manna hóp í samræmi við matseðil yfirmatráðs Þingeyjarskóla.
- Ganga frá eftir matartíma
- Þrífa og sótthreinsa eldhús samkvæmt gæðahandbók mötuneytis Þingeyjarskóla
- Aðstoða yfirmatráð Þingeyjarskóla við pantanir fyrir Krílabæ
- Taka á móti vörum í eldhúsi Krílabæjar
- Taka þátt í uppeldi og umönnun barnanna í Krílabæ.

#### **Við leitum að starfsfólk sem:**

- Vinnur eftir ítrrustu kröfum um hreinlæti í skólamötuneyti og um rétta meðhöndlun matvæla
- Er lausnamiðað og vill vinna í teymi
- Ber virðingu fyrir börnum
- Reynsla af störfum í mötuneyti og/eða leikskóla er kostur

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

**Umsækjendur þurfa að geta hafið störf 12. ágúst.**

**Umsóknarfrestur er til og með 23. júní 2025** og skulu umsóknir berast á netfangið nanna@thingskoli.is

Frekari upplýsingar um störfin veitir Nanna Marteinsdóttir leikskólastjóri Þingeyjarskóla, í gegnum tölvupóst nanna@thingskoli.is og í síma 464-3590/898-0790.

## **Leikskóladeildin Krílabær á Laugum í Reykjadal auglýsir til umsóknar 80-100% stöðu leikskólakennara**

Krílabær er önnur tveggja leikskóladeilda Þingeyjarskóla sem er samrekinn leik- og grunnskóli á tveimur starfsstöðvum. Nemendur Krílabæjar eru 6 talsins. Áhersla er lögð á mikil og góð tengsl nemenda, starfsfólks og foreldra, tákna með tali og unnið er eftir stefnunni um jákvæðan aga. Leikskóladeildin býður uppá rólegt og gott vinnuumhverfi.

### **Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt stefnu og skipulagi skónans.
- Vinna í nánu samstarfi við foreldra/forráðafólk nemenda.
- Taka þátt í samstarfi við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við yfirmann.
- Sinna verkefnum er varða uppeldi og menntun nemenda sem yfirmaður felur honum.

### **Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun, uppeldismenntun eða önnur menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnáttu

### **Við leitum að starfsfólk i sem:**

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur brennandi áhuga á að starfa með börnum og ber virðingu fyrir þeim
- Er lausnamiðað og vill taka þátt í teymisvinnu

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf 12. ágúst.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. júní 2025 og skulu umsóknir berast á netfangið [nanna@thingskoli.is](mailto:nanna@thingskoli.is)**

Frekari upplýsingar um störfin veitir Nanna Marteinsdóttir leikskólastjóri Þingeyjarskóla, í gegnum tölvupóst [nanna@thingskoli.is](mailto:nanna@thingskoli.is) og í síma 464-3590/898-0790.